Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Þingborg, 19. nóvember 2025

Umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt mál 1443/2025 – Aukin efnistaka í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu

Umsögn umhverfis- og samgöngunefndar Flóahrepps

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt vegna máls 1443/2025 er varðar aukna efnistöku í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu. Um er að ræða stækkun á námu sem nemur um 349.000 m3. Þegar hefur áætluð fyrri efnisvinnsla á svæðinu verið um 150.000 m3 og nær fyrirspurn um matsskyldu til þeirrar efnisvinnslu sem þegar hefur farið fram auk fyrirhugaðrar stækkunar eða alls um 499.000 m3 efnistöku á um 16 ha landi. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. töluliið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps lýsir yfir áhyggjum af áframhaldandi þungaumferð á Önundarholtsvegi þar sem vegurinn er ekki með bundnu slitlagi. Það er óljóst hver hefur það hlutverk að rykbinda og sinna öðru viðhaldi á veginum, æskilegt væri að koma því í fastar skorður áður en málinu er lokað. Önundarholtsvegur er héraðsvegur, tengivegur og samgönguæð fyrir íbúana í nágrenninu auk þess að gegna hlutverki neyðarvegar ef Suðurlandsvegur lokast.

Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stækkun námunnar og telur fremur jákvætt að ekki þurfi að fara um lengri veg til efnistöku og losunar við framkvæmdir á svæðinu.